

Dalavefurinn - www.dalir.is

Vefurinn dalir.is er vefur sveitarfélagsins Dalabyggðar. Hlutverk hans er fyrst og fremst til að veita íbúum upplýsingar um stjórnsýslu, starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Þá eru birtar fréttir af menningar- og samfélagstengdum viðburðum og öðru í héraðinu og nágrenni. Vefur Dalabyggðar er ekki hugsaður til að birta almennar fréttir úr héraðinu.

Atburðadagatal

Inn á atburðadagatalið geta íbúar og gestir fengið birta viðburði, fundi eða annað sem þeir standa fyrir. Miðað er við að viðburður sé opin öllum, að minnsta kosti öllum á ákveðnum aldri eða kyni. Ekki er þó leyfilegt að auglýsa þar áfengi og annað sem ekki á erindi til barna og unglunga.

Fréttaveita

Á fréttaveitu eru birtar fréttir, tilkynningar og upplýsingar frá sveitarfélaginu. Auk þess eru birtar þar fréttir af menningartengdum viðburðum, tilkynningar frá öðrum opinberum aðilum og annað sem hefur samfélagslegt gildi.

Á vef Dalabyggðar eru ekki birtar auglýsingar frá fyrirtækjum, félögum og einstaklingum vegna sölu á vöru og þjónustu. Undantekningar eru þegar það tengist beint menningartengdum viðburðum í héraðinu eða þegar ágóði fer til góðgerða- eða samfélagsmála.

Stjórnsýsla

Undir stjórnsýslu eru birtar fundargerðir, erindisbréf, stjórnir, nefndir, samþykktir, ársreikningar, gjaldskrár, eyðublöð, fjallskil, jafnréttisáætlun, starfsmannastefna og annað tengt stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Þjónusta

Undir þjónustu eru birtar upplýsingar um einstaka stofnanir og starfsemi sveitarfélagsins, þá þjónustu sem þær veita og opnunartíma. Má þar nefna áhaldahús, bygginga- og skipulagsmálefni, félagsheimili, félagsþjónustu, hafnir, íþróttamannvirki, skólaa, skrifstofu, söfn, vinnuskóla og aðrar stofnanir og deildir sveitarfélagsins.

Forstöðumenn stofnanna og deilda bera ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og þjónustu séu uppfærðar og réttar. Stofnanir og deildir með eigin vefsíður skulu fylgja vefstefnu sveitarfélagsins.

Mannlíf

Undir mannlíf eru upplýsingar og tengingar á ýmis félög tengd tómstundum, æskulýðsstarfi, félagslífi, atvinnulífi, ferðaþjónustu og annað í samfélaginu. Íbúum er velkomið að koma uppbyggjandi félagasamtökum hér á framfæri.

Frekari upplýsingum um ferðaþjónustu í sveitarfélaginu eru gerð skil á visitdalir.is og vesturland.is.

Allir þeir sem hafa í boði lögleg störf, innan þess svæðis að íbúar Dalabyggðar geti sótt þau, geta fengið atvinnuauðgýsingar birtar undir laus störf án endurgjalds.

Samfélagsmiðlar

Sveitarfélagið og einstaka stofnanir geta verið aðilar að samfélagsmiðlum þar sem við á.

Á samfélagsmiðlum skal vanda málfar, virða almennar samskiptareglur og viðhafa kurteisi.

Fyrirspurnum sem falla undir lögbundna skjalavörslu skal beint í aðrar formlegri samskiptaleiðir.

Umsjón

Ábendingum og leiðréttingum skal komið á framfæri við skrifstofu Dalabyggðar eða við forstöðumann viðkomandi stofnunar/deildar. Skrifstofa Dalabyggðar er að Miðbraut 11, 370 Búðardal. Sími: 430 4700, netfang: dalir@dalir.is

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar xx.xx.2020

Kristján Sturluson

sveitarstjóri